



Ferðamálastefna Reykjanesbæjar



Ferðamálastefna Reykjanesbæjar

Samþykkt í bæjarstjórn
Reykjanesbæjar 16. maí 2017.

Verkefnastjóri: Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir
Vinnuhópur: Ásbjörn Jónsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Sigrún Ásta Jónsdóttir, Svanhildur Eiríksdóttir, Tomas Young, Valgerður Guðmundsdóttir.

Markmið verkefnisins er að vinna ferðamálastefnu fyrir Reykjanesbæ.
Í því felst að skilgreina hlutverk Reykjanesbæjar í ferðapjónustu, ákveða stefnu, markmið og framtíðarsýn. Ferðamálastefnan skal fyrst og fremst taka mið af þörfum heimamanna með það að markmiði að vera atvinnuskapandi, efla þjónustustig, efla þol umhverfisins og stuðla að sjálfbærni.


Greina og marka þarf þá þætti ferðapjónustu á svæðinu sem Reykjanesbær vill leggja áherslu á og mynda heildstæða stefnu sem fellur vel að markmiðum Reykjanesbæjar fyrir íbúa, minni og stærri fyrirtæki, gerir bæinn aðlaðandi fyrir bæði heimafólk og ferðamenn sem skilar sér í fjölbreyttri og öflugri þjónustu fyrir alla.

Horfa þarf sérstaklega til vöruþróunar og fjárfestingar í ferðapjónustu á svæðinu.
Staðsetning bæjarins gefur forskot en tryggir ekki aðsókn.

Gerð ferðamálastefnu

Reykjanes hefur um langt skeið tengst ferðapjónustu eða allt frá því að Suðurnesin voru vinsæll vertíðarstaður. Með tilkomu alþjóðaflugvallar komst Keflavík á heimskortið og hefur síðan verið í stöðugri þróun og sókn sem viðkomu- og áfangastaður ferðamanna sem landið sækja. Enn í dag liggja fjölmörg tækifæri á sviði ferðapjónustu fyrir svæðið. Gerð stefnumótunar fyrir ferðapjónustu í Reykjanesbæ er einn þáttur í því að efla þá möguleika og nýta tækifæri og um leið mynda heilsteypa stefnu og framtíðarsýn fyrir svæðið.

Starfshópur um ferðamál í Reykjanesbæ var myndaður haustið 2015. Í hópnum sitja fulltrúar frá þeim sviðum bæjarins sem koma að ferðamállum á einn eða annan hátt. Starfshópnum var falið að gera ferðamálastefnu fyrir sveitafélagið. Sett var upp verkferli og tímaplan fyrir verkefnið og var verkefnastjóra ferðamála falin ábyrgð á verkefninu.



Fyrsti opni fundur starfshópsins var hádegisfundur fyrir ferðapjóna í Reykjanesbæ haldinn á haustmánuðum 2015 í Merkjnesi í Hljómahöll. Þar var gestum meðal annars boðið að nefna einkenni eða styrkleika hverfa Reykjanesbæjar og þar með var lagður grunnur að opnu samtali um ferðapjónustu í



Reykjanesbæ. Áhersla var lögð á að fá sem flesta hagsmunaaðila að verkefninu.

Síðan var haldinn opinn íbúafundur í Stofunni í Duus Safnahúsum þar sem ferðapjónustuaðilar og allir þeir sem áhuga höfðu á þróun ferðapjónustu gætu komið og haft áhrif á verkefnið og stefnu bæjarins í ferðamálum. Fundurinn gekk mjög vel og komu margar gagnlegar ábendingar og mikilvægir umræðupunktur. Fundarmenn höfðu mikið til málanna að leggja og sköpuðust oft fjörugar umræður. Úrvinnsla þeirra punkta var höfð til hliðsjónar við úrvinnslu stefnunnar. Stefnt er að því að halda álíka fundi reglulega. Eins bárust ábendingar úr ýmsum áttum sem voru settar fram sem ábendingar eða hugleiðingar.

Til þess að stefnan verði í samræmi við þær áherslur sem bærinn leggur upp með voru hafðar til hliðsjónar þær stefnur bæjarins sem tengjast á einhvern hátt ferðamálum svo sem menningarstefna og aðalskipulag. Að auki var horft til þeirra stefna sem ekki endilega hafa með ferðapjónustu að gera en falla að markmiðum stefnunnar eins og fjölskyldustefna, umhverfisstefna og fleiri. Mikilvægt er að horfa til deiliskipulags og samræma áherslur þar við þróun ferðapjónustu.

Reynt var að tryggja aðkomu ólíkra hagsmunaaðila að stefnumótarvinnunni því mikilvægt var að sem breiðastur hópur kæmi að verkefninu. Stefnan var einnig send til umsagnar hjá nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjanesbæjar þar sem það átti við, eins til Markaðsstofu Reykjanes, Reykjanes UNESCO Global Geopark og Ferðamálasamtaka Reykjanes.

Öllum sem komu að gerð þessarar stefnu á einn eða annan hátt er þakkað kærlega fyrir þeirra framlag.

Áfangastaðurinn Reykjanesbær

Reykjanesbær er áfangastaður sem býður uppá margvíslega möguleika fyrir ferðamenn til að dvelja á, njóta og upplifa. Staðsetningin skapar sérstöðu, aðeins steinsnar frá alþjóðaflugvelli, stutt er á höfuðborgarsvæðið og aðgengi og nálægð er við helstu nátturuperlur á suðvestur horninu.

Reykjanesbær er innan Reykjanes UNESCO Global Geopark sem hefur verið á skrá hjá UNESCO Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna síðan í lok árs 2015. Þessi gæðastimpill gefur svæðinu ákveðna viðurkenningu og stuðlar að þróun svæðisins sem ein heild á vildtækan og yfirgripsmikinn hátt. Margar mikilvægar jarð- og menningarminjar eru innan stjórnsýslumarka Reykjanesbæjar sem gera þarf aðgengilegar og/eða vernda í samstarfi við Reykjanes Geopark.

Stór og öflug ferðapjónustufyrirtæki eru staðsett í bænum og mikil gróska er í minni fyrirtækjum í örum vexti. Í bænum eru jafnframt græn útivistarsvæði, gönguleiðir, púttvöllur, sundlaugar, sérverslanir og einstaklega gróskumikil söfn, lista- og menningarhús svo eitthvað sé nefnt.

Styrkleikar Reykjanesbæjar eru margir og endurspeglast í fjölbreyttri ferðapjónustu. Fyrir utan fjölmarga gistimöguleika eru ferðapjónustufyrirtæki sem bjóða uppá dagsferðir innan svæðis og utan. Menningarstofnanir eru margar og bjóða uppá fjölbreytt lista- og menningarlandslag. Bæjarbragur Reykjanesbæjar ber einnig keim af sögu og byggðarþróun og tengir vel saman sögu og menningu svæðisins og endurspeglar þróun byggðar í landinu.

„Gamli bærinn“ eða gamli bæjarhlutinn, með mörgum falletum endurgerðum húsum gefur t.a.m. einstaka innsýn inn í uppbyggingu og þróun íslenska bæjarins.



-Efla sögu bæjarins sem sjávarþorp. Gamli bærinn er mikilvægur þáttur.

(Opinn íbúafundur 16.11.2016)

Nokkuð er um stóra íþrótt- og menningarviðburði á svæðinu og aðstæður til mótahalda eru mjög góðar. Auðveldlega er hægt að bjóða upp á alþjóðlega viðburði þar sem mótshaldarar og ferðapjónar þjónusta mót og viðburði, afþreyingamöguleikar eru miklir og fjölbreytt afþreying og þjónusta er á svæðinu sem getur eftt þessa viðburði. Efla þarf samskipti milli viðburðarhaldara og ferðapjónustuaðila.

Stefna

Í markaðssetningu eru þrjár megin leiðir:

- **Áfangastaðurinn Reykjanesbær** þar sem áhersla er lögð á að svæðið sé áhugaverður áfangastaður sem vert er að staldra við og dvelja í lengri eða skemmri tíma. Byggir á tengslum við náttúru, menningu, fjölskylduvænu umhverfi og staðsetning í geopark með alþjóðlegri vottun. Marka þarf áherslu í hvað á að segja, hvernig og hvenær og auka notkun samfélagsmiðla.
- **Fyrsta/síðasta stop og stopover** þar sem gestir sem eru að koma og fara, finna sér griðarstað við upphaf og endi ferðar sinnar. Við upphaf ferðar er lögð áhersla á þá þjónustu sem gestir þurfa við komu, góðar samgöngur, almenna upplýsingaveitu, gistimöguleika og aðra þjónustu sem þarf við upphaf ferðar. Við lok ferðar er lögð áhersla á gisitmöguleika nálægt flugstöð, góðar samgöngur og afþreyingu sem hentar í lok ferðar. Við stopover er miðað við að gestir geti fundið sér afþreyingu sem hentar þeim tímaramma sem þeir hafa á svæðinu.
- **Reykjanes UNESCO Global Geopark** Með því að tengja sterkt við Reykjanes Geopark verður til ákveðin sérstaða. Stuðlað verður að því að ferðapjónustutengd verkefni falli undir samstarf með Reykjanes Geopark verði þar með hluti af uppbyggingu á svæðinu í heild.

Markmið

Að útgefið efni hafi fyrrgreinda stefnu að leiðarljósi. Mikilvægt er að vera í samstarfi við Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes UNESCO Global Geopark við að koma efni á framfæri og nota þá markaðsgátt. Þátttaka í samstarfsverkefnum og kaupstefnum þar sem því er komið við er æskileg.

Að jafna árstíðabundnar sveiflur í þjónustu við ferðamenn á svæðinu. Á sama tíma og gistinóttum fjölgar hratt á svæðinu utan háannatíma er nauðsynlegt að þjónustustig haldist í hendur við fjölgun, t.d. með því að efla þátt ferðapjóna í menningar- og íþróttaviðburðum og með því að leggja áherslu á gott aðgengi að náttúruperlum allt árið um kring.

Markhópur

Við skilgreiningu á erlendum markhópi Reykjanesbæjar er meðal annars horft til skilgreiningar á markhópi Íslands sem unnið hefur verið af Íslandsstofu og er lýst sem hinum upplýsta ferðamanni. Þar eru eftirfarandi breytur hafðar til hliðsjónar:



- Fólk á aldrinum 20-65 ára
- Menntun yfir meðallagi
- Tekjur yfir meðallagi
- Fjölmíðlaneysla, net- og snjallsímanotkun yfir meðallagi
- Fólk sem vill standa utan við hjörðina
- Vill ferðast sjálfstætt
- Hefur áhuga á menningu, hugmyndum og lífstíl annarra.
- Fólk sem vill fara á nýja og spennandi áfangastaði
- Vill fara í frí að vetri til
- Er opið fyrir nýjungum
- Er tilbúið að deila upplifun sinni með öðrum

Þennan hóp má skilgreina betur út frá áhugasviði og miða við sérstöðu svæðisins og Reykjanesbæjar:

- Fjölskyldufólk - dvelur í lengri tíma á sama stað, vill fjölbreytta afþreyingu og er mjög þjónustumiðað.
- Náttúruferðamaður - útivistarfólk, m.a. áhugi á náttúru, lífríki og jarðfræði.
- Menning - ferðamenn sem leyta eftir afþreyingu tengdri menningu svæðisins, sögu og sérhæfingu samfélags.
- Sérhæfð menningartengd ferðaþjónusta - (niche tourism) oft viðburðartengd ferðamennska eins og íþróttaviðburðir, tónleikar og hátíðir.

Reykjanesbær fyrir alla (Reykjanesbær - fjölskylduvænn bær)

Reykjanesbær er fjölskylduvænn bær, hvort sem er fyrir íbúa eða ferðamenn. Í Reykjanesbæ finna allir í fjölskyldunni eitthvað við sitt hæfi. Allt frá innviðum eins og bókasafni eða menningar- og íþróttamannvirki t.d. Vatnaveröld og Skessan eða jafnvel hvalaskoðunar- og jeppaferðir.

Mikil áhersla er lögð á fjölskyldustefnu hjá Reykjanesbæ og lagt upp með afþreyingu fyrir alla. Mikil vægt er að heimafólk upplifi sig sem gestgjafa og njóti jafnframt umhverfis og viðburða á sama hátt og gestir. Hér má meðal annars finna söfn sem bjóða uppá barnamenningarhátíð, list án landamæra og fjöldann allan af öðrum upþákomum, bókasafn, auðveldar gönguleiðir innan bæjarmarka sem utan og leik- og útivistarsvæði sem hægt er að heimsækja allt árið um kring.

Reykjanes UNESCO Global Geopark - Náttúra

Náttúra Íslands er ein helsta ástæða sem nefnd er hjá erlendum gestum yfir ástæðum heimsóknar (Sumarkönnun Ferðamálastofu 2016, bls. 70). Útivist og náttúra eru helstu kennileiti umhverfis Reykjanesbæjar. Á svæðinu eru góðir merktir göngustígar og vel þekktar gönguleiðir. Aðgengi að jarðsögu og jarðfræði er mjög gott og einstakt á heimsvísu. Eins er mikil menningarsaga tengd náttúru á Reykjanesinu og hafa aðstæður og landslag mótað það samfélag sem er hér í dag.

Sérstaða svæðisins er gott aðgengi að náttúru, auðveldar samgöngur um svæðið og hægt að fara allt árið um kring. Hér eru einstakar náttúruperlur sem auðvelt er að nálgast og fjölbreyttir möguleikar til útivistar.

Samvinna er á milli Reykjanesbæjar og Reykjanes UNESCO Global Geopark um þróun og uppbyggingu á ferðamannastöðum á Reykjanesi. Skulu þeir falla undir skilgreiningu á verksviði Reykjanes Geopark.



Reykjanesbær getur stuðlað að virku samstarfi í heimabyggð með m.a. að styðja við grunnildi hugmyndafræðarinnar t.a.m. þegar fyrirtæki nota mat úr héraði, endurvinnsla o.s.fr.. Hvetja þarf fyrirtæki til þess að vera virkir þátttakendur í gæða- og umhverfisvottunum eða kerfum eins og Vakanum og fá samþykki sem samstarfsaðilar að Reykjanes Geopark sé þess kostur.

Staðsetning bæjarins er mikilvæg þegar horft er til samgangna á svæðinu. Meginþorri þeirra ferðamanna sem koma til landsins fara um svæðið og er því sá hópur væntanlegur markhópur fyrir svæðið. Mikilvægt er að Reykjanesbær verði leiðandi afl í þróun og skipulagningu samgangna, hvort sem um er að ræða almennar samgöngur, hjólastíga eða göngustíga/leiðir. Þróun samgangna getur haft veruleg áhrif á þróun ferðaþjónustu á svæðinu, með batnandi samgöngum er stuðlað að betri þjónustu, fjölgun gesta, lengri dvöl þeirra og möguleika á frekari dreifingu um svæðið.

Í leiðarljósi aðalskipulags Reykjanesbæjar 2008-2024/2015-2030 eru markmiðin m.a. að stuðla að þróun atvinnutækifæra og nálægð við náttúru.

Reykjaneskagi er aðgengilegt svæði fyrir mikinn fjölda fólks og er fjölsóttur. Vegna staðsetningu Keflavíkurflugvallar fer stærsti hluti þeirra ferðamanna sem koma til Íslands um svæðið. Stefna sveitarfélagsins er að nýta sérstæð útivistarsvæði, s.s. náttúruverndarsvæði og strandir á Reykjanesi til eflingu ferðaþjónustu.

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030 bls. 5

Skv. aðalskipulagi Reykjanesbæjar fyrir tímabilið 2015-2030 skal m.a. stefnt að sérhæfingu á ákveðnum svæðum og umgjörð skipulags miði að því að tryggja uppbyggingu ákveðinnar atvinnustarfsemi tengdri ferðaþjónustu eins og flugvallarstarfsemi og flugtengdri þjónustu.

Markmið

Að vinna að áframhaldandi samstarfi og uppbyggingu undir merkjum Reykjanes UNESCO Global Geopark.

Að efla þrjá megin þætti undir formerkjum Geoparks sem eru náttúra, menning og matur (afurðir úr héraði). Það er gert með því að styðjast við menningarstefnu og umhverfisstefnu Reykjanesbæjar og hvetja fyrirtæki almennt til að taka upp eða styðjast við gæðastaðla og kröfur sem styðja við eflingu á þjónustu og gæðum, eins og samstarfsviðurkenning við Reykjanes UNESCO Global Geopark, VAKINN gæðakerfi gerðaþjónustunnar og aðra álíka staðla.

Efla samstarf um þróun Reykjanesbæjar sem ferðamannastaðar m.a. með áframhaldandi vinnu í DMP (DMP - Destination Management Planing. Verkefni sem ferðamálastofa stendur fyrir á landsvísu í samstarfi við markaðsstofur landshlutanna) verkefni á vegum Ferðamálastofu, Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes. Eins má efla samstarf milli sveitarfélaga við þróun ferðaþjónustu á svæðinu.

Menning, saga og listir

Mikilvægi menningar í ferðaþjónustu er óumdeild. Reykjanesbær býður uppá fjölbreytta menningarviðburði allt árið um kring. Líflégt samfélag og blómleg menning eykur á upplifun ferðamanna, staðurinn verður eftirsóknarverður og dvöl gesta lengist. Við skipulagningu viðburða þarf að hafa í huga erlenda gesti okkar.

Kynna þarf fyrir ferðaþjónum á svæðinu þá viðburði sem í vændum eru og hafa almennt í huga þá



erlendu gesti sem hingað koma við markaðssetningu og framkvæmd viðburða.

Söfnin bjóða uppá fjölbreytta menningartengda viðburði. Söfnin eru meðal fremstu safna á landinu með fjölbreytta menninga- og listtengda starfsemi s.s. listsýningar, sögu- og menningatengdar sýningar og fyrirlestra svo eitthvað sé nefnt. Einnig er boðið uppá fjölda annarra menningaviðburða á vegum ýmissa aðila eins og tónleikar og uppákomur, námskeið og ótalið er þó margt. Stuðlað verður að því að miða menningatengda viðburði og sýningar að ferðapjónustu að svo miklu leyti sem það á við. Ferðamenn hafa almennt áhuga á menningarsögu og upplifun og tengja sig þannig við þau svæði sem þeir heimsækja.

Ípróttabærinn Reykjanesbær

Reykjanesbær er mikill ípróttabær og býður upp á fyrsta flokks aðstöðu fyrir hverskonar ípróttaviðburði innan dyra sem utan allt árið um kring. Í bænum er öll sú aðstaða og þjónusta fyrir hendi umfram þá sem þarf til ípróttaiðkunar og getur vel stutt við minni og stærri viðburði bæði innlenda og alþjóðlega. Efla þarf samstarf milli mótshaldara, sveitarfélags og ferðapjóna/þjónustuaðila og markaðssetja bæinn sem raunverulegan valkost þegar staðsetningar fyrir minni og stærri mót eru skoðaðir. Eins má efla samstarf við nágretta sveitafélög vegna stærri viðburða.

Markmið

Að markaðssetja bæinn markvisst sem fjölskylduvænan áfangastað. Að bærinn svari sértækum (niche) áhugasviðum eins og við tónleikahald, menningarviðburði, ípróttaviðburði og auðvelt aðgengi að útivistarsvæðum (útivist fyrir alla).

Útgefið efni þarf að vera tiltækt a.m.k. á ensku auk íslensku, aðgengilegt á viðeigandi miðlum eins og mismunandi vefmiðlum, útgefnu efni og jafnvel myndrænu efni.

Áfram verður stefnt að því að leggja áherslu á að bjóða uppá almenna viðburði við hin ýmsu tækifæri eins og opnun listsýninga og Ljósanótt sem bæði heimafólk og gestir geta notið. Lögð verður áhersla á að kostnaður liggja í stökum upplifunum/heimsóknum og þeim mun meiri afsláttur af árskortum o.þ.h.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Reykjanesbæjar í ferðamálum er:

- Að bærinn verði helsti áfangastaður þeirra sem leita sér að fjölskylduvænu umhverfi.
- Að bærinn verði staðurinn sem fólk ferðast til og frá á ferðum sínum um landið.
- Að bærinn verði þekktur fyrir frábær útivistarsvæði, með gott aðgengi að náttúruperlum og aðal útgangspunktur fyrir Reykjanes Geopark.
- Að hér haldi áfram að dafna fjölbreytt og gott menningarstarf.

Öflug samvinna milli Reykjanesbæjar, Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geoparks og aðkoma ferðapjóna á svæðinu m.a. með opnum fundum milli Reykjanesbæjar og ferðapjóna og t.d. efla þátt Ferðamálasamtaka Reykjanes.

Mikilvægt er að öflug sameiginleg markaðssetning sé á svæðinu öllu og Reykjanesbær leggi sitt af mörkum í því. Áhersla verður lögð á opið samtal við ferðapjónustuaðila í Reykjanesbæ.



Vaxandi kröfur um gæði í ferðaþjónustu verði hafðar til hliðsjónar við uppbyggingu og skipulag ferðamannastaða og í þjónustu almennt. Mikil tækifæri eru í því fólgin að bjóða uppá þjónustu sem byggir á faglegum stöðlum.

Mikilvægt er að í bænum sé Upplýsingamiðstöð ferðamála sem er kjarnaveita, þ.e. hefur mikilvægi í þjónustu og upplýsingaveitu til ferðamanna og sinni líka öryggishlutverki m.a. í samstarfi við Safetravel. Kjarnaveita þjónar heimamönnum og ferðaþjónum á svæðinu jafnt og ferðamönnum og getur því gegnt mikilvægu hlutverki í að miðla efni og upplýsingum, dreifa fólki um svæðið og aðstoða ferðaþjóna í að veita góðar upplýsingar til sinna gesta.

Endurskoða þarf ferðamálastefnu Reykjanesbæjar reglulega með það fyrir augum að hugað sé að sjálfbærri þróun og verndun viðkvæmra svæða, að verkefni samræmist milli samstarfsaðila og tekið sé mið af þörfum ferðaþjónustunnar, uppbyggingar ferðamannastaða en jafnframt að þarfir heimamanna séu í fyrirrúmi.

Ferðamálastefna skal vera lifandi plagg og taka mið af þróun og uppbyggingu í greininni þar sem sérstaklega er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- Sjálfbærni í þróun og uppbyggingu
- Taka mið af þörfum heimamanna
- Vera atvinnuskapandi
- Efla þjónustustig
- Efla þol umhverfis fyrir ágangi

Hverfin í Reykjanesbæ:
Ásbrú - Nýsköpun og tækifæri
Njarðvík - Firtjar og manngerða fjallið
Hafnir - Fornminjar og menningarsagan
Keflavík - Miðbærinn og Bergið.

(Opinn fundur í Hljómahöll haust 2015)

Verkefnin framundan

- Destination Management Planing DMP – virk þátttaka í skipulagningu Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark á Reykjanesi sem heildar áfangastaður.
- Ákveða áherslur í notkun auglýsingaefnis og stóraukin efling í notkun samfélagsmiðla við markaðssetningu hjá Reykjanesbæ.
- Skoða möguleika á Gestapassa fyrir ferðamenn á svæðinu.
- Áhersla á að kostnaður liggi frekar (en ekki eingöngu) í stökum upplifunum/heimsóknum og áfram verði sérstök áhersla á uppákomur í kringum opnannir og sérstaka viðburði.

Halda áfram að efla samtal og samstarf milli Reykjanesbæjar og ferðaþjóna.



Ítarefni

1. Vefur Ferðamálastofu, <http://www.ferdamalastofa.is>. Kannanir og skýrslur.
2. Grunnstoðir Markaðssetningar: Íslandsstofa, 2016.
3. Auknar tekjur sveitarfélaga af ferðamönnum: Samband Íslenskra sveitafélaga, skýrsla starfshóps 19/2016.
4. Vegvísir í ferðaþjónustu: Avinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið október 2015
5. Þróunaverkefni um endurskoðun á upplýsingaveitu til ferðamanna: ferðamálastofa ágúst 2016
6. Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030.
7. Ýmsar stefnur Reykjanesbæjar á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is